


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Náttúrufræði NÁT103	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2012	

Nöfn kennara: Inga Björg Ólafsdóttir inga@vma.is
 Jóhannes Árnason jarn@vma.is

IBÓ
 JÁR

Áfangalýsing:

Í áfanganum eru teknir fyrir ýmsir grundvallarþættir lífandi náttúru, sameinkenni lífvera og ferli sem tengja lífverur hvers vistkerfis saman. Bygging frumunnar og starfsemi er tekin til umfjöllunar. Fjallað er um grundvallarþætti erfðafræði, um gerð og starfsemi vistkerfa með áherslu á efna- og orkuflutning og áhrif mannsins. Þá er gerð grein fyrir helstu flokkum lífvera með áherslu á örverur og skynsamlegar varúðarráðstafanir gagnvart þeim.


Áfangamarkmið / viðfangsefni: Markmið áfangans eru að nemandi:

- Þekki gerð og þróun íslenskra vistkerfa á landi, í vatni og á sjó.
- Geri sér grein fyrir eðli og hlutverki líffræðinnar sem vísindagreinar.
- Þekki vísindalega aðferð og þjálfist í að beita nokkrum rannsóknaraðferðum líffræðinnar.
- Þekki helstu efnaflokkanna sem lífverur eru byggðar úr og hlutverk þeirra.
- Þekki gerð og starfsemi frumna.
- Skilji grunnhugmyndir í erfðafræði.
- Þekki lífshætti og gerð veira, gerla (baktería), sveppa og sníkjudýra.
- Geti tengt sjúkdóma í lífverum við óeðlilega frumustarfsemi.

Námsefni:

Kennslubók: *Líffræði kjarni fyrir framhaldsskóla* e. Örnólf Thorlacius, 1. útgáfa IÐNÚ 2001. Kennarar munu dreifa ýmsum verkefnum á ljósritum, nemendur eiga að safna þeim í vinnubók sem kemur til einkunnar.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt lokapróf	Annarpróf / lokapróf í desember. Allt námsefnið. Nemendur þurfa að ná 35 % í lokaprófinu svo vetrareinkunn gildi.	50%
Stöðupróf/ miðannarpróf	Próf eftir miðja önn. Ef nemandi mætir ekki í prófið færast vægi prófsins yfir á lokaprófið.	15%
Frammistaða á önn	Þrjú til fjögur formleg verkefni (unnin og skilað í kennslustundum eða heima) og kynning á lífveru.	25%
Frammistaða á önn	Vinnubók með glósum og verkefnum skilað einu sinni til tvisvar á önninni 5%. Vinnubókin á að vera skipulega sett upp, verkefnið fremst í rétttri röð og glósur aftan við. . Tímaverkefnum skilað til kennara í hvert skipti, samanlagt 5%.	10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Náttúrufræði NÁT103 Kennsluáætlun haustönn 2012	
Síða 2 af 2		

Vinnuáætlun:

Vika	Námsefni	Verkefni
34 – 35	Kafli 1. Aðferðir vísinda og einingar. Sýnd dæmi um vísindaleg vinnubrögð og hvað einkennir þau.	TV1 Verk 1
35 – 38	Kafli 2. Sameindir af ýmsum gerðum. Hér er fjallað um yfir lífræn og ólífræn efni. Hvernig sameind byggist upp. Áhersla á lífræn efni líkamans. Flutningur sameinda.	TV2 Verk 2 TV3
39 – 42	Kafli 5. Efnaskipti. Kafli 3. Frumur, grunneiningar lífvera. Kafli þrjú og fimm samþættir. Hér er áhersla á uppbyggingu dýra- og plöntufruma. Frumulíffærin og hvað þau gera. Orkuöflun og miðlun orkunnar ATP. Kafli 4. Vefir, líffæri og líffærakerfi. Hvað er vefur? Myndun líffæra og hvernig líffærin raðast saman í líffærakerfi.	TV4 Miðannarmat, skila vinnubók í viku 41 TV5 Verk 3
43 – 44	Kafli 8. Erfðir. Litningar og gen. Hvernig erfða-eiginleikar berast milli einstaklinga. Uppbygging DNA og RNA. Frumuskiptingar, mítósa, meiósa.	TV6 Verk 4
45 – 47	Kaflar 6 - 7. Flokkun lífvera. Farið í helstu flokka lífvera og einkenni hvers flokks fyrir sig. Í framhaldi af þessu velur hver nemandi sér eina lífveru og gerir stuttlega grein fyrir henni í tíma. Kaflar 9 og 10. Vistfræði og umhverfið. Vistkerfin og einkenni þeirra. Hringrásir í náttúrunni. Samspil manns og náttúru.	TV7 Verk 5 - kynning á lífveru.
48	Upprifjun, undirbúningur fyrir próf.	

Útskýringar á skamstöfum: TV – Tímaverkefni. Verk- formleg tíma/heimaverkefni..

17. ágúst 2012

MOODLE lykilorð: vma123

IBÓ, JÁR

Undirritun kennara:

BIS

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils